

kostnað í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sóknara og svaramanns þar, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra. Svo greiði ákærði Samsoni Samsonssyni í iðgjöld 19 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, og ber honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. júnímán.

Nr. 19/1907:

Réttvísinn
gegn
Jónasi Jóhannssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, gengnum 6. febr. þ. á., var hinn ákærði húsmáður á Akureyri Jónas Jóhannsson dæmdur fyrir brot gegn 99. sbr. 101. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan kostnað málsins gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun, 6 kr., til svaramanns síns í héraði cand. Valdemars Thorarensen.

En dómi þessum hefir eftir ósk ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Aðfaranótt 20. sept. f. á. nálægt miðnætti var ákærði hjá húsi því á Akureyri, er þeir eiga Bjarni Einarsson timbursmiður og Dúi Benediktsson lögregluþjónn, og kastaði hann steinum í húsgaflinn, því að hann vildi ná fundi konu sinnar, sem hafði hlaupið þangað í húsið frá honum fyr um kvöldið frá heimili þeirra út af misætti þeirra í milli, en húsið var læst og fólkíð sofnað. Við hávaðann af steinkastinu vöknudu menn í húsinu og kom Dúi lögregluþjónn út og fleiri menn, og ætlaði lögregluþjónninn að taka ákærða fastan fyrir óspektirnar, en ákærði hljóp þá undan og elti lögregluþjónninn hann. Lögregluþjónninn sneri þó brátt aftur, en ákærði kom þá á eftir honum og kastaði steinum í átina til hans, og kom einn eða tveir af þeim í fætur honum, en ekki sakaði hann neitt viðkoma þeirra. Jafnframt hafði ákærði ýms ill orð og hótanir í frammi, eftir því sem vitni hafa borið, og kvað svo að orði meðal annars, að hann skyldi »drepa Dúa (lögregluþjónninn) en rota Bjarna« (timbursmið).

Ákærði hefir fært það sér til afsökunar, að hann hafi verið drukkinn við umrætt tækifæri og í mikilli geðshræringu út af konuhvarfinu, en það verður ekki álitíð eftir skýrslum málsins, að það ástand hans hafi haft áhrif á sakhæfi hans.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur saka-
 manna og eigi hefir áður sætt refsingu eða dómi fyrir
 neitt lagabrot, heyrir undir 101. sbr. 99. gr. hegningar-
 laganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin
 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Málskostn-
 aðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist, og ber því að
 staðfesta dóm þennan með greindri breytingu á refs-

ingunni. Ákærða ber og að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á óraskaður að standa, þó svo, að hegning ákærða sé 8 daga fangelsi við venjulegt fangavíðurværi. Ákærði Jónas Jóhannsson greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflytningu Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 1. júlímánaðar.

Nr. 53/1906:

Björn Símonarson og
Kristján B. Guðmundsson
gegn
Sveini Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðu áfryjendurnir Björn kaupmaður